

Nr. 3/1898:

Björn Bjarnarson
 gegn
 Finnboga Árnasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringu-
 sýslu 14. desbr. f. á. var hinn stefndi, Finnbogi
 Árnason, bóndi á Suður-Reykjum, dæmdur fyrir
 meiðyrði við áfrýjanda í 20 kr. sekt til landssjóðs
 eða til vara til 14 daga einfalds fangelsis, svo og
 til að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Björn Bjarnarson áfrýjað
 til landsyfirdómsins með stefnu 21. jan. næstl. og
 krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur í hæstu
 sekt, sem lög leyfa, fyrir meiðyrði og árás gegn
 sjer og til að greiða allan kostnað málsins fyrir
 undir- og yfirdómi að skaðlausu eða eptir mati
 yfirdómsins, svo og, að hin umstefndu meiðyrði
 verði dæmd dauð og ómerk, og ennfremur, að
 hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda
 bætur fyrir vinnutöf með kr. 1,20. Á hinn bóginn
 hefur hinn stefndi krafizt, að undirrjettardómurinn
 verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í
 málskostnað fyrir yfirrjetti með 25 kr. eða ein-
 hverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Að því fyrst snertir kröfu áfrýjanda um, að
 stefndi verði sektaður fyrir árás eða líkamlegt of-
 beldi, þá verður sú krafa ekki tekin til greina,
 því þótt stefnan í málinu til hjeraðsdómsins væri
 álitin nægilega ljós í þessu tilliti, þá er þó ekki
 í málinu komin fram næg sönnun fyrir, að nokk-

ur árás eða líkamlegt ofbeldi hafi átt sjer stað af hendi stefnda, því síður í hverju það hafi verið fólgið eða hvernig því hafi verið háttað. Hins vegar má álíta það sannað, að stefndi hafi 11. ágústmán. f. á., er þeim málsaðilum lenti saman út af ágreiningi um nokkuð af heyi, sem báðir töldu sig eiganda að, viðhaft þessi orð við áfrýjanda: »Þú ert þá svona stórþjófur, þjer nægir ekki að stela leynilega af mjer æru og mannorði, heldur stelurðu af mjer opinberlega líka«. Þessi orð, sem eru meidandi og stefndi ekki hefur rjettlætt, eru saknæm eptir 217. gr. hegningarlaganna, og virðist sekt sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin verður ekki öll greidd í ákveðinn tíma; krafa áfrýjanda um ómerking hinna átöldu meidyrða er of seint fram komin, og krafa hans um skadabætur fyrir vinnu- tafir virðist alls eigi rökstudd. Með því yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann að því leyti. Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda eptir atvikum að greiða með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Finnbogi Árnason, á að greiða 50 kr. sekt, er rennur í landssjóð, en sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Um málskostnað í hjeraði á hinn áfrýjandi dómur að vera óraskadur; málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda Birni Bjarnarsyni með 20 kr.

Dóminum að fullnægja, áður 8 vikur sjeu liðnar frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 4. júlímánaðar.
 Nr. 4/1898: Björn Bjarnarson
 gegn
 Finnboga Árnasyni og Kristjáni Þorgrímssyni.

Dómur:

Vorið 1897 var það áformað, að hinn stefndi Finnbogi Árnason tæki til ábúðar í fardögum það ár ásamt aðalábýli sínu, Syðri-Reykjum í Mosfells-sveit, eignarhluta sinn $\frac{1}{3}$ úr nágrannajörðinni Reykjakoti með Stekkjarkoti, sem áfrýjandi hafði um nokkurt árabil fyrirfarandi einn haft til ábúðar, og fjekk Finnbogi í þessu skyni hinn 4. maí-mán. 1897 tilnefnda af sýslumanni 2 menn til að skipta úr $\frac{1}{3}$ af túni og engjum Reykjakots með Stekkjarkoti, og framkvæmdu menn þessir skiptinguna 24. maí næst á eptir, að undangenginni brjeflegri aðvörun til beggja hlutaðeigenda, áfrýjanda og Finnboga, en af þeim mætti þó eiginema Finnbogi og var viðstaddur gjörðina, en áfrýjandi vildi eigi vera þar við, þótt hann vissi af gjörðinni og á hann væri skorað að gæta rjettar síns, og mótmælti hann að eins gildi hennar, er henni var að mestu lokið. Með þessari gjörð var ákveðið, hvað af túni og engjum í Reykjakoti með